

# Námsgrein: Danska, 8. bekkur

Tímafjöldi á viku: 2 klukkustundir.

Kennarar: Áslaug Guðfinna og Guðrún Sædís

## Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi. Áhersla er á að efla hæfni í dönsku; æfa lestur, talað mál, samskipti á dönsku og ritun.

## Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar. Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, orðabækur, villupúka og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

## Námsefni:

- Tak A og B, valdar blaðsíður.
- A Grammatik.
- Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.
- Danskar myndir og þættir, efni af netinu og fleira.
- Ordbombe, spil og verkefni af netinu. Einnig kennsluvefurinn mms.is.

Dönskukennsla í 8.-10. bekk í Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á öðru og þriðja stigi. Við lok grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið 3. stigi í dönsku. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlesi og námshæfni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/ markmið
<b>Hlustun</b>	Nemandi getur: - skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. - hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.
<b>Lesskilningur</b>	Nemandi getur: - fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. - lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundir og ferðalög.

<b>Samskipti</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> </ul>
<b>Frásögn</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> <li>- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</li> <li>- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>
<b>Ritun</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</li> <li>- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.</li> </ul>
<b>Menningarläsi</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</li> <li>- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</li> </ul>
<b>Námshæfni</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.</li> <li>- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.</li> <li>- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.</li> <li>- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. - Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Símat.</li> <li>-Hlustunarverkefni.</li> <li>-Orðaforðakannanir.</li> <li>-Lesskilningverkefni.</li> <li>-Ýmis verkefni frá kennurum.</li> <li>-Virgni og þátttaka í tímum.</li> </ul>